



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

52. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 24. október 2014 kl. 11:30 í bæjarstjórnarsal Seltjarnarness, Austurströnd 2.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Ófeigur Friðriksson og Guðlaug Kristjánsdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson

Mosfellsbær:

Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson og Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðison

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Umferðarspár svæðisskipulagsins.

Grétar Mar Hreggviðsson og Svanhildur Jónsdóttir samgönguverkfræðingar hjá VSO kynnti umferðarspár svæðisskipulagsins og fór yfir drög að greinargerð.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Grétari og Svanhildi fyrir þeirra framlag. Greinargerð um umferðarspár verður hluti af fylgiritum svæðisskipulagstillögunar.

2. Kynning Landslags á greiningum um náttúru og útivist

Þráinn Hauksson og Gísla Rafn Guðmundsson landslagsarkitekt hjá Landslagi kynnti drög að greiningum um náttúru og útivist á höfuðborgarsvæðinu sem unnin var í samráði við faghóp um náttúru og útivist.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Þráni og Gísla fyrir þeirra framlag. Skýrsla um náttúru og útivist verður hluti af fylgiritum svæðisskipulagstillögunar.

3. Nýtt svæðisskipulag - staða verkefnisins og fjárhagsáætlun

Hrafnkell fór yfir stöðu verkefnisins og fjárhagsáætlun næsta árs. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir kostnaði til að ljúka gerð nýs svæðisskipulags um mitt ár 2015 og kostnaði við að áframhaldandi vinnu við utanumhald og innleiðingu svæðisskipulagsins út næsta ár. Tillagan ásamt fylgigögnum fer nú í rýni hjá Skipulagsstofnun sem hefur 4 vikur til að

yfirfara gögn áður en auglýst verður skv. 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á þeim tíma mun endanlega afgreiðsla allra sveitarfélaga um að auglýsa tillöguna liggja fyrir.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd óskar eftir fjárframlagi aðildarsveitarfélaga skv. fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar. Framlagið verður nýtt til að ljúka við endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins og einnig að standa að umsýslu við nýtt svæðisskipulag að staðfestingu lokinni. Svæðisskipulagsnefnd óskar einnig eftir viðbótarframlagi úr skipulagssjóði sbr. stöðu og áætlun verkefnisins.

Fundargerð samþykkt, fleira ekki gert. Fundi slitið kl.13:15.